

3. janúar 2025

Lokaskýrsla til kennslumálanefndar Háskóla Íslands

Heiti verkefnis: *Námssamfélag um leiðsögn: Samstarf innan og utan Menntavísindasviðs um lokaverkefni meistaranema í ört stækkandi framhaldsnámi í tómstunda- og félagsmálafræði.*

Ábyrgðaraðilar verkefnis: Eygló Rúnarsdóttir, Oddný Sturludóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjunktar við námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

[Sjá frétt](#) á heimasíðu Háskóla Íslands, frá 7. janúar 2025.



Hafþór Guðjónsson, prófessor emerítus heimsækir námssamfélag meistaranema í desember 2023 og ræðir starfstengda sjálfsrýni

Verkefnið fékk 4. m.kr. styrk úr kennslumálasjóði vorið 2022 og hófst undirbúningur verkefnis í maí sama ár. Markmið verkefnisins var tvíþætt: 1) þróun samstarfs námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði, Kennslumiðstöðvar og fræðifólks úr tveimur deildum Menntavísindasviðs um hópleiðsögn í lokaverkefnum meistaranema og 2) þróun netverks háskólakennara, nemenda og fagvettvangs um rannsóknarritgerðir framhaldsnema í tómstunda- og félagsmálafræði. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir báðum þáttum sem hvor um sig gengu eftir samkvæmt áætlun um framvindu, samstarf, útgjöld og væntingar um markmið.

1) Þróun samstarfs námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði, Kennslumiðstöðvar og fræðifólks úr tveimur deildum Menntavísindasviðs um hópleiðsögn í lokaverkefnum meistaránema

Niðurstöður rannsóknar á þróunarverkefninu hafa verið kynntar með þremur erindum á vettvangi Háskóla Íslands haustið 2024.

*Fræðilegum bakgrunni verkefnisins er þar lýst sem og má þar finna skrá yfir heimildir. Öll erindin má nálgast á heimasíðu rannsóknarstofu í tómstundafræði, undir liðnum **Styrkur úr kennslumálasjóði um námssamfélag meistaránema og samstarf við vettvang**, [sjá hér](#).*

Meistaránemum í tómstunda- og félagsmálafræði hefur fjölgað verulega frá árinu 2018 en námsbrautin sjálf er fámenn og flest leiðbeinenda með litla reynslu af leiðsögn meistaránema. Meistaraverkefni nemenda (M.Ed) eru fjölbreytt og mikilvægur liður í að skapa nýja þekkingu, styrkja stöðu vettvangs og efla fagmennsku. Ein helsta áskoranir í huga sótti námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði um styrk til kennslumálasjóðs með það að markmiði að þróa námssamfélag um hópleiðsögn meistaraverkefna, til að efla bæði leiðbeinendur og meistaránema í ferlinu við að móta og skrifa lokaverkefni. Styrkurinn nýttist til þróunar á samstarfi námsbrautarinnar við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og prófessora úr tveimur deildum Menntavísindasviðs sem hafa undanfarin ár þróað hópleiðsögn með myndun námssamfélags meistaránema um lokaverkefni sín.

Hópleiðsögn meistaránema byggir á hugmyndum um lærdómssamfélög og fjölbreyttar auðlindir nemenda og kennara. Nemendur búa yfir reynslu sem er fjölbreytt og í námssamfélaginu hafa nemendur fengið rými til að deila reynslu sinni, viðhorfum og fræðilegri þekkingu. Bjargráðum hefur fjölgað og sameiginleg leiðsögn hefur eflst í ferlinu og þar með trú leiðbeinenda og nemenda á eigin getu. Í námssamfélagi nemenda og leiðbeinenda getur skapast nokkurs konar „milli“rými þar sem gefst tækifæri til að fara í könnunarleiðangur um menningu og viðhorf gagnvart lokaverkefnum, hlutverk bæði nemenda og leiðbeinenda og sýn á tengsl lokaverkefna, fræðasamfélags og vettvangs. Augljós ávinningur námssamfélags meistaránema er að einangrun nemenda er rofin og stuðningur eykst þeirra á milli, en rannsóknir hafa sýnt að tengslanet nemenda skiptir höfuðmáli til að sporna gegn brotthvarfi úr námi. Í ferlinu hafa verið tekin til skoðunar siðferðileg álitamál í námssamfélagi nemenda og leiðbeinenda, svo sem ólíka valdastöðu og mikilvægi þess að hlusta eftir röddum nemenda.

Þróunarverkefnið hófst haustið 2022 og í desember 2024 höfðu 26 meistarasmíðjur verið haldnar með þátttöku 17 nemenda. Þriggja manna teymi aðjunktanna úr tómstunda- og félagsmálafræði leiddi verkefnið fyrir hönd námsbrautarinnar og safnaði fjölbreyttum gögnum jafnt og þétt frá upphafi verkefnisins. Teymið var jafnframt leiðbeinendur flestra meistaránemanna sem tilheyrðu námssamfélaginu. Mentorar verkefnisins sameinuðust í samtali með leiðbeinendum með aðferðafræði starfstengdrar sjálfsrýni sem leiðarljós. Starfstengd sjálfsrýni (e. self-study) getur verið leið háskólakennara til að styrkja sig í

hópleiðsögn og gera hana öflugri. Með henni greina háskólakennarar gildi og ávinning sem hópleiðsögnin hefur í för með sér fyrir þau sjálf sem og nemendur sína.

Gögnum var safnað með fjölbreyttum hætti, m.a. með upptökum og vinnuskjöllum frá vinnu- og samráðsfundum leiðbeinenda og mentora, sem og fundum leiðbeinenda með Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Gögn sem fanga sjónarmið nemenda var m.a. safnað með rýnihópaviðtölum sem Kennslumiðstöð leiddi, svokölluðum mánudagspóstum nemenda til leiðbeinenda og útgöngumiðum nemenda úr samveru (MÚS-ar miðum) í meistarasmíðjum námssamfélagsins. Ljósmyndir, Fésbókarsíða námssamfélagsins og leiðarglærur úr meistarasmíðjum varpa einnig ljósi á verkefnið frá ólíkum hliðum. Gögnin voru þemagreind með hliðsjón af nálgun Braun og Clarke og stefna ábyrgðaraðilar þróunarverkefnisins að birtingu fræðigreina árin 2025 og 2026.

Niðurstöður verkefnisins voru kynntar í tveimur erindum á málstofu um háskólakennslu á Menntakviku þann 27. september 2024. Erindið *Að festa námssamfélag um meistaraprófsverkefni í sessi – fyrir hverja og af hverju?* má kynna sér [hér](#) og erindið *Að stíga inn í hugmyndir um hópleiðsögn – reynsla leiðbeinenda í tómstunda- og félagsmálafræði af þróunarverkefni um námssamfélag* má kynna sér [hér](#). Erindi á ráðstefnu Kennsluakademíu opinberu háskólanna þann 21. nóvember 2024, *Að njóta góðs af fjölbreyttum auðlindum nemenda og háskólakennara* má kynna sér [hér](#). Niðurstöðurnar leiða í ljós að þátttaka nemenda í námssamfélaginu styður faglega, námslega og félagslega við þau í ferlinu, frá verkefnahugmynd til lokaskila. Nemendur upplifa umhyggju af hálfu leiðbeinenda og tilgreina sérstaklega mikilvægi þess að geta nýtt sér ólíka styrkleika þeirra. Nemendur upplifa námssamfélagið sem öruggt rými sem grípi þá þegar sjálfsefinn gerir vart við sig. Þátttaka í námssamfélaginu hefur eflt trú leiðbeinenda á eigin getu, dregið úr óöryggi gagnvart leiðsagnarhlutverkinu og fjölgað bjargráðum leiðbeinenda. Þeir nefna aukið sjálfstraust í leiðsagnarhlutverkinu og traust innan teymisins sem og dreifðari og sameiginlegri ábyrgð á framvindu og velferð nemenda í þeirri vegferð sem ritun lokaverkefnis er. Niðurstöðurnar benda til þess að leiðbeinendur hafi stigið inn í hugmyndir um hópleiðsögn með því að sýna berskjöldun og auðmýkt, með væntingar til bæði nemenda og leiðbeinendateymisins, af umhyggju fyrir nemendum og af eldmóði fyrir hinum unga fagvettvangi tómstunda- og félagsmálafræðinnar.

Verkefnið hefur dregið fram að meistaraneimar í tómstunda- og félagsmálafræði sem tilheyra námssamfélagi fá stuðning við hugmynda-, ritunar- og vinnuferlið. Rauður þráður hópleiðsagnarinnar er að beina athyglinni að reynslu nemenda og hjálpa þeim að átta sig á auðlindum sínum. Það verklag á einkar vel við í tómstunda- og félagsmálafræði þar sem reynslunám og ígrundun er veigamikill þáttur, frá 1. ári BA náms til loka framhaldsnáms.

Námssamfélög sem þessi eru jarðvegur fyrir markvissari leiðsögn sem getur leitt til aukinna gæða meistaraverkefna. Það er mjög þýðingarmikið fyrir háskólasamfélagið en með nýju fjárúthlutunarlíkani skipta þreyttar einingar (lúkning meistaraverkefna) höfuðmáli. Þróunarverkefnið bendir skýrt til þess að reynsla háskólakennara af hópleiðsögn meistaraverkefna getur nýst öðrum fræðasviðum eftir samhengi og aðstæðum hverju sinni. Það krefst þess þó að

námsbrautir og deildir setji í forgrunn að hlúa að námssamfélagi nemenda þar sem þekking, reynsla og innsýn allra er dregin fram.

Brýnt er að byggja á reynslu þessa þróunarverkefnis og halda í þá þekkingu sem með því hefur skapast. Fátt í háskólaumgjörðinni styður hins vegar við og hvetur háskólakennara til að móta námssamfélag nemenda og kennara um lokaverkefni. Til þess að svo megi verða þurfa að koma til kerfislægar breytingar, t.d. með fjölgun áætlaðra stunda sem eyrnamerktar eru leiðsögn, sem og helgun hvernar námsbrautar því að hlúa að námssamfélagi meistaránema. Styrkþega taka undir ítarlegar tillögur fastanefndar um meistaránám á Menntavísindasviði til stjórnar sviðsins (sjá [fundargerð 17. fundar, 30. maí 2024](#)), en fastanefndin fylgdist grannt með þróun verkefnisins á meðan því stóð.

Von styrkþega stendur til þess að þróunarverkefnið hafi varpað skýru ljósi á mikilvægi þess og þörf á að festa námssamfélag um meistaraverkefni í sessi innan háskólasamfélagsins. Það er til hagsbóta fyrir nemendur, kennara og háskólasamfélagið í heild sinni.

 <p>Er skátastarfi opið öllum? Sýn skátaforingja á inngildingu jaðarsettra hópa í skátastarfi</p> <p>Þórhildur Einaradóttir Magnúsdóttir</p>	 <p>„Vettvangsstarf er lífsnauðsynlegur hlekkur í stuðningskerfi varðandi börn“ Sýn fagfólks á vettvangsstarfi félagsmiðstöðva í Reykjavík</p> <p>Andrea Marel</p>	 <p>Lærdómssamfélag á vettvangi fristundastarfs Birtingamyndir og áskoranir að mati reyndra forstöðumanna</p> <p>Viktor Örn Þorsteinsson</p>
 <p>„Á endanum snýst þetta allt um börnin“ Hvað einkennir fyrirmyndarsamstarf fristundaheimila og grunnskóla? Hvað styður og hvað hindrar?</p> <p>Hafþís Oddgeirsdóttir</p>		 <p>Hópefli í kennslu sem forvörn gegn einelti Kennsluefni fyrir hópefli</p> <p>Sunneva Mist Ingvarsdóttir</p>

Dæmi um 30 M.Ed. lokaverkefni síðustu missera frá nemendum sem tilheyrðu námssamfélagi meistaránema.

2) Þróun netverks háskólakennara, nemenda og fagvettvangs um rannsóknarritgerðir framhaldsnema í tómstunda- og félagsmálafræði

Annar angí þróunarverkefnisins laut að því að tengjast fagvettvangi sterkari böndum, með rannsóknir meistaránema í forgrunni. Ljóst er að í námssamfélagi meistaránema í tómstunda- og félagsmálafræði eru öflugir leiðtogar af vettvangi og rannsóknir eru afar dýrmætar fyrir ungan fagvettvang. Segja má að akurinn sé lítt plægður og námsbrautin hefur fundið fyrir miklum áhuga frá fagvettvangi um allt land á þróun náms og eflingu rannsókna í tómstunda- og félagsmálafræði. Þær rannsóknir ná til breiðs fagvettvangs, t.d. frístundastarfs, æskulýðsstarfs, óformlegs náms, félagsstarfs og tómstunda allra aldurshópa, þverfaglegs samstarfs ólíkra aðila og ýmis konar starfsemi stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka á vettvangi frítímans.

Verkefnastjóri þróunarverkefnisins fundaði með fulltrúum fagvettvangs og í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar var blásið til vinnustofu námsbrautar og vettvangs. Vinnustofurnar voru þriggja klukkustunda langar og fóru fram með tvennum hætti, í ÍR heimilinu í Reykjavík þann 28. maí 2024 og á TEAMS þann 29. maí til að tryggja aðgengi landsbyggðar að vinnustofunum. Samtals tóku rúmlega 50 manns þátt í vinnustofunum tveimur. Markmið vinnustofanna var að ræða samstarf um þróun námsins, nýsköpun, vettvangsnám og rannsóknir. Höfuðáhersla var á samstarf um eflingu fagmennsku, gæðastarfs, rannsókna og starfsþróunar í frístundastarfi. Til að undirbúa umræðurnar voru örerindi kynnt af hálfu bæði aðjunktanna við námsbrautina og leiðtoga af vettvangi. Þemu örerindanna voru svo rædd í hópum og á hverju borði sátu ritarar sem skráðu niður það sem fram fór. Markhópurinn var fagfólk um allt land sem starfar á vettvangi frítímans og var vinnustofan opin öllum leiðtogum og fagfólki óháð starfssviði eða starfsstað. Sandra Karlsdóttir, nemi á 3. ári í tómstunda- og félagsmálafræði, leiddi undirbúning vinnustofanna, stýrði þeim, greindi niðurstöður og útbjÓ lokaskýrslu.

Vinnustofurnar voru skipulagðar eftir eftirfarandi þemum:

- Áskoranir á vettvangi
- Fagfólk á vettvangi
- Þróun fags og náms
- Þróun vettvangsnáms
- Tenging milli námsbrautar og vettvangs
- Tækifæri í rannsóknum eða lokaverkefnum meistaránema
- Möguleikar til að efla virðingu fyrir starfi og námi á vettvangi frítímans
- Nýsköpun og hlutverk sveitarfélaga.

Í fyrsta örerindi beindi Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt sjónum að fyrstu hugmyndum um nám í tómstunda- og félagsmálafræði og hvernig námið hefur þróast í núverandi mynd. Magnús Olsen Guðmundsson, mannauðsráðgjafi á Skóla-

og frístundasviði Reykjavíkur kynnti niðurstöður úr könnun Reykjavíkurborgar um fræðsluþarfir á vettvangi. Þriðja örerindi fluttu Oddný Sturludóttir aðjunkt og Guðrún Kaldal, forstöðumaður frístundamiðstöðvar í Reykjavík og fyrrum meistaranemi í tómstunda- og félagsmálafræði en þær ræddu vettvangsnám, raunfærimat og veltu upp hugmyndum um hvernig mætti tengja vettvang og nám betur saman. Síðasta örerindi fjallaði um nýsköpun í frístundastarfi og var frá Hirti Ágústssyni sem leiðir Nýsköpunarmiðju menntamála á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Í kjölfar örerinda ræddu þátttakendur saman í hópum og rík áhersla var lögð á ígrundun og umræðu. Í lokin kynntu hóparnir lauslega lykilþræðina í umræðunum. Öllum gögnum var safnað saman og unnið úr og niðurstöður í heild sinni má kynna sér í lokaskýrslu, [sjá hér](#). Niðurstöðurnar voru kynntar samstarfsaðilum námsbrautar hjá Reykjavíkurborg, sem og á fundi námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði. Í bígerð er að kynna niðurstöðurnar á ráðstefnu um Íslenskar æskulýðsrannsóknir í janúar 2025, sem fulltrúar fagvettvangs af öllu landinu, sem og úr ólíkum kimum frístundastarfs, sækja.



Nýtskrifaður meistaranemi kynnir lokaverkefni á vinnustofu



Vinnustofa í ÍR-heimili um samstarf námsbrautar og vettvang

Reykjavík, 3. janúar 2025

Oddný Sturludóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjuntar í tómstunda- og félagsmálafræði og ábyrgðaraðilar verkefnisins.